

Alþingi
Erindi nr. P 138/923
komudagur 18.1.2010

Alþingi
nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 15.01.2010
Tilv. 0015/2010 - 60.12

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna (Pskj. 279 -244. mál).

Fiskistofa þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og athugasemdum varðandi ofanefnt frumvarp. Fiskistofa hefur engar athugasemdir fram að færa en vill þó benda á eftirfarandi:

Hvorki samkvæmt gildandi lögum né frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, sem fara í eftirlitsskyni með fiskiskipum í veiðiferðir, séu lögskráðir í skiprúm. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu og eðli máls er einn megingilgangur lögskráningarreglna að tryggja í öryggisskyni sönnun fyrir því hverjir eru um borð í skipi hverju sinni í öryggisskyni. Því verður að vera tryggt að þeir sem ábyrgð bera á öryggis- og björgunarmálum hafi þetta í huga þegar þeir nýta lögskráningargögn við undirbúning og töku ákvarðana varðandi björgunaraðgerðir. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að Fiskistofa sendir stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands reglulega tilkynningar um í hvaða skipum eftirlitsmenn Fiskistofu eru hverju sinni.

Þá vill Fiskistofa koma því á framfæri að við eftirlitsstörf hennar, sem felast m.a. í að fylgjast með að veiðar fiskiskipa fari fram samkvæmt lögum og reglum, er mikilvægt að geta haft greiðan aðgang að áriedanlegum upplýsingum um hvaða einstaklingar, einkum þó skipstjórnarmenn, eru um borð í fiskiskipum hverju sinni og bera þar með lagalega ábyrgð samkvæmt því. Þess vegna telur Fiskistofa eðlilegt að tryggt verði að stofnunin fái í eftirlitsskyni greiðan aðgang að lögskráningarupplýsingum sér að kostnaðarlausu.

Virðingarfyllst,

Arni Múli Jónasson
fiskistofustjóri